

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



Dags eftirlits	9.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Eftirlitsmaður	
Heimili	Óskarsgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik var skráð í eftirlitinu er varðar gögn vegna sýrustigsmælinga og ein ábending var gerð vegna lífræns úrgang sem fer í urðun. Öllum eldri frávik hefur verið lokað og brugðist hefur verið við eldri ábendingum.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits, opin frávik
- Niðurstöður efnamælinga
- Kvartanir og mengunaróhöpp
- Önnur mál
- Skoðun á verksmiðju

Í síðasta eftirliti voru settar fram þrjár ábendingar og brugðist hefur verið við tveimur þeirra. Þriðja ábendingin snéri að ákvörðun á staðsetningu nýrra mælipunkta í viðtaka þar sem fráveitulögn hefur verið færð. Staðsetning punktanna var rædd á fundinum og hefur það verið venjan hjá rekstraraðila að taka mælingar 10 metrum norðan og sunnan við útrásina og einnig yfir útrásinni. Umhverfisstofnun er með málið til skoðunar. Engin eldri frávik eru opin.

Mælingar á sýrustigi eru í brunni sem frárennsli frá starfseminni rennur í gegnum. Erfiðlega hefur gengið að halda sýrustigi innan marka starfsleyfis m.a. vegna ómarktækra mælinga þegar mælirinn lá í froðu þegar engin starfsemi hefur verið í gangi (t.d. um helgar). Farið hefur verið í úrbætur og leitað hefur verið leiða til að fá marktækari mælingar, þar má einna helst nefna að skipt var um mæli í febrúar 2019, vatn í dropatali er nú látið renna á mælinn til að halda honum froðulausum og nú er verið að breyta tíðni mælinga. Mælirinn tekur ákveðið margar mælingar á ákveðnum tíma, verið er að fækka mælingum á tíma einingu, síðan verður tekið meðaltal af þeim mælingum en hingað til hefur það ekki verið gert. Þetta er að sögn rekstraraðila í samræmi við sýrustigsmælingar sem framkvæmdar víða annarsstaðar. Þær niðurstöður sýrustigsmælinga sem rekstraraðili hefur sent stofnuninni eru ófullnægjandi þar sem ekki er hægt að lesa út úr sem hve stóra hluta af rekstrartíma seinasta árs sýrustigið var yfir 10 pH. Skv. starfsleyfi má sýrustig í frárennsli einungis vera yfir 10 pH 5% af rekstrartíma og eftirlitsaðila skal hafa fullan aðgang að þeim gögnum.

Engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað frá því í síðasta eftirliti.

Starfsemi Primex var skert í vor vegna heimsfaraldursins en komast aftur á skrið eftir það og skerðingin mun ekki hafa áhrif á ársframléiðsu.

Í skoðunarferð var verksmiðjan snyrtileg og því ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 2.9 í starfsleyfi

Sýrustig má fara 5% af rekstrartíma yfir pH gildið 10. Í þeim gögnum sem borist hafa stofnuninni er ekki hægt að ákvarða hvort rekstraraðili er undir eða yfir þeim mörkum.

ÁBENDINGAR

Töluvert ryk myndast í vinnslusal. Rykinu hefur verið sópað upp og hefur þjónustuaðili úrgangs farið með það í urðun. Þar sem um lífrænt efni að ræða gæti úrgangurinn farið í endurnýtingu eða endurvinnslu fyrir lífrænan úrgang, s.s. moltugerð.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sótt um lyfjaleyfi til Lyfjastofnunar en lyfjafyrirtæki eru í eftirliti hjá Umhverfisstofnun og gæti þessi breyting á starfseminni kallað á breytingu á starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.01.2021

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir